

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi
Búðareyri 11
730 Reyðarfjörður

Hornafirði, 11. október 2018
nr. erindis 201810034

Málefni: Vegna niðurfellingar Hoffellsvegar nr. 984-01

Við er til erindis Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðrar niðurfellingar á Hoffellsvegar nr. 984-01. Vegagerðin vísar í 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi að Vegagerðinni sé heimilt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi.

Sveitarfélagið Hornafjörður telur að ekki sé heimilt að fella Hoffellsveg nr. 984-01 af vegskrá á þeim rökum að ekki sé föst búseta á fyrir hendi. Vegagerðin vísar í c lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 en þar segir:

*„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, **kirkjustöðum**, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar.]1) Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“*

Við enda Hoffellsvegar nr. 984-01 er Hoffellskirkja staðsett. Kirkjan er vígð og messað er í kirkunni ásamt því að þar eru haldnar almennar athafnir. Við kirkjuna er kirkjugarður og tilheyrir hann Bjarnanessókn í Bjarnanesprestakalli.

Virðingarfyllt

Gunnlaugur Róbertsson
Skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar